



# Velkomin til UMS

## Hvað getum við gert fyrir þig?

Við gerum okkur grein fyrir að þú getur verið undir álagi. Það er mikilvægt að þú áttir þig strax á því hvað við getum gert fyrir þig.

- 1 Við veitum þér góð og fagleg ráð og upplýsingar um fjárhagsleg málefni.
- 2 Við hjálpum þér að takast á við bráðan fjárhagsvanda og að ná tökum á fjármálum þínum til framtíðar.
- 3 Við vinnum fyrir þig með þínu leyfi.
- 4 Við varðveitum allar upplýsingar um þig í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu embættisins.
- 5 Við hjálpum þér til sjálfshjálpar með því að styðja þig við að taka eigin ákvarðanir.
- 6 Við dæmum þig ekki og kappkostum að veita þjónustu sem er eins aðgengileg og frekast er.

Hafðu það hugfast að það ert þú sem tekur ákvarðanir um eigin fjármál og berð ábyrgð á þeim ákvörðunum

Hjá UMS veitum við þjónustu sem er:

Ókeypis

Hlutlaus

Við hlustum á þig

Komum fram við þig af sanngirni, kurteisi og virðingu

## Hjálpaðu okkur að hjálpa þér

Við viljum veita sem besta þjónustu og tökum fagnandi öllum ábendingum hvort sem þær eru góðar eða slæmar.

Markmið okkar er að vinna með þér og aðstoða þig við að fara yfir þá möguleika sem eru í stöðunni.

Til þess að svo geti orðið þarft þú að:

- Segja okkur satt og rétt frá því sem leitt hefur til þeirra fjárhagserfiðleika sem er ástæða þess að þú leitar til okkar.
- Sýna því skilning að það eru takmörk fyrir því sem við getum gert.
- Gera þér grein fyrir að mál þitt getur tekið lengri tíma en þú hafðir gert þér væntingar um.
- Koma fram við okkur af kurteisi og virðingu.

Umboðsmaður skuldara  
512-6600 - [www.ums.is](http://www.ums.is)

Umboðsmaður skuldara veitir einstaklingum sem eiga í greiðsluferfiðleikum ókeypis ráðgjöf.